

1. maí í Hofi á Akureyri 2023

Kæru félagar.

Ég vil byrja á að þakka fyrir heiður að fá að taka til máls hér í höfuðstað Norðurlands á þessum baráttudegi launafólks, þar sem yfirskrift dagsins er réttlæti - jöfnuður - velferð.

Enn á ný safnast launafólk saman um heim allan, til að fagna baráttudegi launafólks, fagna þeim árangri sem baráttan hefur skilað síðustu 150 til 200 árin og til að staðfesta þá hugsjón, að samfélagi fólks vegnar best þar sem efnahagslegt réttlæti er haft að leiðarljósi! Þar sem akurinn allur fær að njóta sólargeislanna, þar verður uppskeran mest og best.

Oft er sagt að ekki sé hægt að breyta sögunni. En við getum svo sannarlega lært af henni. Saga stéttabaráttu og saga verkalyðshreyfingarinnar kennir okkur að afl launafólks fyrr og nú hefur verið kveikjan og orkan sem knúið hefur fram breytingar á þjóðskipulaginu, öllum almenningi til heilla. Í baráttu launafólks hefur megininntakið alltaf verið hið sama; með samstöðu og réttlæti að leiðarljósi, náum við að tryggja réttlæti fyrir allt samfélagið, en ekki bara fyrir suma. Með því að standa saman gegn kröfu auðvaldsins um einka eignarétt á okkar sameiginlegu auðlindum, þá tryggjum við jöfnuð fyrir allt samfélagið, en ekki bara fyrir suma. Þegar talað er um að tryggja efnahagslegt réttlæti allra, þá má ekki gleyma þeim 35% heimila hjá fólki í sambúð með börn og þeim 62% einstæðra foreldra hér á Íslandi, sem eiga í erfiðleikum með að ná endum saman milli mánaðarmóta. Með því að tryggja efnahagslegt réttlæti fyrir alla – líka fyrir þessar fjölskyldur – þá náum við að skapa velferð fyrir alla, en ekki bara fyrir suma.

Á 1. maí er nauðsynlegt að staldra við og læra af sögunni. Við verðum horfa til baka og spyrja okkur hvers virði það er, að standa vörð um þegar unna sigra en á sama tíma stefna að enn frekari landvinningum í réttlæti, jöfnuði og velferð, fyrir alla. Það veltur á okkur öllum, það veltur á grasrótinni og það veltur á stéttarfélagunum og samtökum launafólks, að gleyma því aldrei að við stöndum í baráttu gegn efnahagslegum fasisma, sem er skilgetið afkvæmi frjálshyggjunnar. Við stöndum í baráttu fyrir samfélagslegu og efnahagslegu réttlæti þegar kemur að sanngjarnri dreifingu velsæðar. Í hagkerfi heimtufrekjunnar horfum við upp á að 1% mannskyns á um helming allra eigna jarðarbúa og hér á Íslandi horfum við upp á að ríkasta 0,1% þjóðarinnar eiga um 13% allra eigna í landinu og ríkustu 10% eiga um 60% af eigin fjár í landinu og um 50% allra eigna sem hér er að finna! Er eitthvert réttlæti, einhver jöfnuður og einhver velferð í því, að á sama tíma eiga 35% heimila fólks í sambúð með börn og 62% einstæðra foreldra í erfiðleikum með að ná endum saman milli mánaðarmóta? Við segjum nei – það ekkert réttlæti, engin jöfnuður og engin velferð í því.

Við Íslendingar erum unnendur góðra bókmennta. Æfisögur eru sérlega vinsælar hjá okkur enda fjalla þær oft en ekki um fólk sem við þekkjum og um atburði úr nærumhverfi okkar fámenna samfélags. Ég bíð núna spenntur eftir útgáfu æfisögu stjórnámamanns sem í óbirtu handriti heitir Leiðin að eigum almennings. Og undirtitillinn er; hvernig stelum maður frá almenningi og kemst upp með það. Þetta handrit er mikil og fróðleg skemmtilesning. Þegar ég blaðaði í snyrtilegu handritinu nýlega, þá var sérlega spennandi að lesa upphaf sjöunda kafla, en hann hest á frásögn á símtali sem byrjaði svona; „Sæll elsku kallinn minn. Vildi bara láta þig vita að ég er að selja banka í kvöld. Heyrðu já, og þetta með fiskeldið, ég bara lét þá frysta reglugerðina. Já, og léstu ekki örugglega setja lögbann á umfjöllunina um mig núna þegar kosningar nálgast? Einmitt, gott. Já, og svo lét ég forseta þingsins bara éta skýrluna um Lindarhól. Better safe than sorry kallinn minn“. Í kjölfarið á þessari byrjun í sjöunda kafla kemur síðan gríðarlega spennandi lýsing á lygum, útúrslunum, þvælu, afvegaleiðingu, gaslýsingu, hortugheitum, pírtingi, misbeitingu valds, ásökunum um öfund og ég veit ekki hvað og hvað ... Það besta var náttúrulega síðan að loka handritinu og hugsa með sér; hve lánsöm erum við nú íslenska þjóðin að búa ekki við svona ástand. Sagan er nefnilega um stjórnámamann sem er að láta af störfum í Langtbortistan.

Hér á landi þurfum við ekki að berjast gegn spillingu og óréttlátri skiptingu auðsins! Nei ó nei! Hér þurfum við ekki að horfa upp á að auðlindir þjóðarinnar skila auðkýfingum tugum milljarða á ári hverju, á sama tíma og einstæðar mæður hafa ekki efni á að kaupa íþróttaskó á stúlkubarnið sitt. Ó, nei! Hér þurfum við ekki að horfa upp á freka kallinn og freku kellinguna nýta auðæfi sín sem komin eru frá sameiginlegum auðlindum, til að stýra umræðunni með stanslausum áróðri og afvegaleiðingu. Hér eru engir Kvótagarkar sem vilja eignast Ísland og vilja ekki leggja sitt af mörkum til þjóðarbúsins á sama tíma og þúsundir barna búa við fátækt. Heldur betur ekki! Og hér eru ekki spillt stjórnámaelíta sem gerir lítið annað en að standa af mikilli festu í siðlausri hagsmunagæslu fyrir þá sem ætla sér að eiga allt, og telja sig eiga tilkall til þess! Það er nefnilega gott að búa á Íslandi. Og sérstaklega fyrir 35% heimilanna þar sem mamma og pabbi vakna hvern morgun í ótta um það, að ná ekki endum saman þann mánuðinn. „Nei ljósið mitt, þú færð ekki að læra á píanó því fyrst þurfa pabbi og mamma að borga leiguna sem er 320 þúsund krónur“. „Nei stubburinn minn litli, þú færð ekki að fara í sumarþúðir núna því mamma og pabbi þurfa fyrst að borga 360 þúsund krónur af stökkbreytta láninu sínu“. Það er nú aldeilis gott og frábært að búa á Íslandi. Fyrir suma.

Ríkisstjórnin Íslands er að skrifa sérstakan kafla í stjórnámálasögu þjóðarinnar. Það er vandséð á hvaða stigi veruleikafirringin og afneitunin er. En það er öruggleg heimsmet eins og okkur er svo tamt að teyma í hús. Stjórnin neitar að takast á við efnhagsmál þjóðarinnar, hún fjárveltir innviði og grunnþjónustuna sem allur almenningur reiðir sig á; heilbrigðiskerfið er fjárvelt, heilbrigðisstofnanir eru einkavæddar, innviðirnir eru seldir. Stór hluti þjóðarinnar fylgist óttasleginn með lánunum sínum stökkbreyttast og veit að innan tíðar mun hann ekki ráða við afborganirnar. Ríkisstjórnin hellir nú olíu á verðbólguþálið með hækkunum á gjöldum og þjónustu, hún stendur ráðþrota gagnvart húsnæðisvandanum, hún er getulaus í uppbyggingu innviða og vogar sér ekki að setja reglur til að hemja stighækkandi framfærslukostnað. Í stað þess að efla tekjustofna ríkissjóðs með skattlagningu á auðinn þar sem hann er að finna, hlífir hún

fjármagninu fyrir sköttum og lætur lágtekju- og millitekjuhópa landsins bera byrðarnar. Ríkisstjórnin er nefnilega að tryggja velferðina. Fyrir sssssuma! Það sama á við um sveitarfélögin núna allt í kring um landið. Sveitarfélögin hafa nefnilega komið því þannig fyrir, að þau ætla að auka ójöfnuð, auka sundurlyndi, auka misskiptingu launa, auka óréttlætið og segja sínu starfsfólki að éta það sem úti frýs. En ekki öllum, heldur bara sumum.

Að lokum kærur félagar; við skulum aldrei gleyma þeim sigrum sem ömmur okkar og afar náðu með sinni þrotlausu baráttu á síðustu öld. Okkar skylda sem nú berum ábyrgð á samfélaginu, er að bæta um betur. Baráttunni fyrir réttlæti, jöfnuði og velferð lýkur aldrei. Það þarf að standa vaktina, bæði fyrir almenning í dag og ekki síður fyrir komandi kynslóðir. Við sem núna sjáum í beinni útsendingu hvernig efnahagslegt ójafnrétti er að aukast, sjáum hvernig ákveðnir þjóðfélagshópar eru skildir eftir í efnahagslegum ófærum, hvernig viti fyrirtækja leiðir hörmungar yfir heilu þjóðirnar, við vitum að þetta hefur gerst áður. Við þekkjum söguna og vitum að þegar geðveiki græðginnar er gefin laus taumur, þá endar það að lokum með skelfingu fyrir allan almenning. Við vitum að eina raunverulega vopnið sem bitur á niðurrifsöflin, er samstaða launafólks og alls almennings gegn vitfyrirringunni, gegn græðginni, gegn fyrirlitningunni og gegn spillingunni. Gleymum ekki að það er samstaðan og samtakamátturinn sem alltaf er eldsneytið sem þarf, til að knýja fram breytingar til betri vegar. Við skulum því standa saman í baráttunni fyrir efnahagslegu réttlæti og samfélagslegri velferð. Ekki bara fyrir suma, heldur alla!

Ég þakka fyrir mig.

Góðar stundir.